Verkmenntaskólinn á Akureyri

# Rýni stjórnenda haustönn 2018

janúar 2019
Anna María Jónsdóttir tók saman

# Inngangur

Gæðakerfið skólans er í stöðugri þróun og verkferlar endurskoðaðir eftir aðstæðum. Nokkur einföldun fór fram á haustönn 2018 og verkferlar voru sameinaðir eftir atvikum og verklag einfaldað. Byrjað var að vinna áhættumat og verður því skilað á vorönn 2019. Stærsta verkefnið á næstu mánuðum varðandi gæðakerfið sjálft er að yfirfæra það í nýjan ISO staðal ISO9001:2015.

Kjartan Kárason frá Vottun ehf. kom og gerði úttekt á verkferlum þann 19. nóvember 2018. Niðurstaða úttektar hefur ekki borist þegar þessi samantekt er skrifuð. Dagssetning á eftirlitsheimsókn Vottunar á vorönn 2019 er ekki ljós þegar þetta er skrifað.

Á haustönn 2018 áttu eftirtaldir aðilar sæti í gæðaráði: Anna María Jónsdóttir áfangastjóri, Benedikt Barðason aðstoðarskólameistari, Ómar Kristinsson sviðsstjóri stúdentsprófsbrauta, Sigurður Hlynur Sigurðsson áfangastjóri og Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari. Haldnir voru 16 gæðaráðsfundir á önninni. Gæðaráð fór yfir og vann úr athugasemdum sem komu fram í framvindumati innan tímafrests sem miðað er við, yfirlit um athugasemdir og úrvinnslu er að finna í skýrslunni. Kennarar skiluðu áfangaskýrslum í lok annarinnar. Gæðaráð fór fór yfir athugasemdir sem kennarar beindu til gæðaráðs og afgreiddi þær í janúar 2019. Yfirlit um athugasemdir úr áfangaskýrslum er að finna í skýrslunni.
Hafist var handa við að vinna upp áætlun um innri úttektir og voru nokkrar framkvæmdar á haustönn 2018, yfirlit fylgir þessari skýrslu.

Þessi skýrsla er unnin skv. VKL-101 *Stjórnun gæðamála* og er samantekt á þeim verkefnum sem falla undir verkefnastjóra gæðamála og gæðaráð þarf að fjalla um. Skýrslunni fylgja töflur yfir niðurstöður úr þeim könnunum og úttektum sem gæðakerfi skólans setur upp.

# Almennar kröfur:

ISO 9001 kafli 9.3 fer fram á eftirfarandi:

Kröfur til rýni:

- framkvæmd með fyrirfram ákveðnu millibili,
- tryggja að gæðastjórnunarkerfið sé fullnægjandi og markvirkt

Niðurstöður rýni stjórnenda innihaldi að lágmarki ákvarðanir og aðgerðir sem tengjast:

- tækifærum til umbóta,
- hverskyns þörfum á breytingum á gæðastjómunarkerfinu,
- þörfum varðandi auðlindir

Rýnisfundur var haldinn:

| Dags.: 30.01.2019 | Tími: 10-11 | Staðsetning: Skrifstofa aðstoðarskólameistara | Fund boðaði:AMJ/SHS |
|---|---|---|---|

| | |
|---|---|
| Mættir: | Anna María Jónsdóttir, Benedikt Barðason, Ómar Kristinsson, Sigurður Hlynur Sigurðsson, Sigríður Huld Jónsdóttir |
| Fjarverandi: | |

# Niðurstöður rýnisfundar:

## 0. Forsendur

Tilgangur fundarins var að fara yfir **Skýrslu fyrir rýni stjórnenda haust 2018**. Frumrit skýrslunnar er í vörslu áfangastjóra, afrit á bóksafni og vefútgáfa á heimasíðu skólans.

Ályktanir eru dregnar fyrir hvert atriði, og aðgerðir ákvarðaðar. Þessar aðgerðir eru teknar saman á aðgerðalista í lok þessarar fundargerðar, og fara inn á GÁT-069 Verkefnalisti stjórnenda skv. VKL-102 Vinnureglur gæðaráðs og fá eftirfylgni þar.

## 1. Niðurstöður frá fyrri rýni stjórnenda

Hér er yfirlit um vinnu við aðgerðalista frá rýni vor 2018.

- Unnin var áætlun um innri úttektir og nokkrar úttektir framkvæmdar. Unnið var að uppfærslu verklagsreglna eftir eldri úttektir og málum lokið eftir því sem við á.
- Kennarar í vélstjórn og byggingadeild fóru í starfsmannaviðtöl á haustönn 2018. Ekki er búið að vinna áætlun um starfsmannaviðtöl.

- Ekki verður gengið lengra í að innleiða fjarnám undir gæðakerfi skólans en nú er.
- Með nýju skjalastýringarkerfi sem tekið verður í notkun á vorönn 2019 verður farið yfir ferla um skráningar á umbótaverkefnum.
- Á haustönn 2018 var unnin áhættugreining (SVÓT) fyrir skólann, vinnunni lauk í janúar 2019 og var send til Vottunar. Áhættugreiningin er hluti af innleiðingu ISO9001:2015.
- Námskrár í verknámi eru enn í vinnslu, vonir standa til að ljúka þeirri vinnu í mars 2019.
- Á haustönn 2018 var unnin úrbótaáætlun með hliðsjón af ytra mati og Stofnun ársins.
- Samstarf VMA og MA um áfanga í boði fyrir nemendur á milli skóla, gekk vel á haustönn 2018, nokkur fjöldi MA nemenda stundaði nám í áföngum við VMA. Samstarfið heldur áfram á vorönn 2019.
- Stjórnskipulag skólans var endurskoðað og kynnt skólanefnd og á kennarafundi. Skjalið bíður samþykktar gæðaráðs vorið 2019.
- Endurskoðun og einföldun á gæðakerfinu heldur áfram.
- Framhaldsskólar á Norðurlandi eystra vinna saman að innleiðingu persónuverndarlaga og jafnlaunavottunar. MA leiðir vinnu um innleiðingu jafnlaunavottunar og VMA persónuverndarlaga. Mennta- og menningarmálaráðuneytið er búið að ráða persónuverndarfulltrúa fyrir framhaldsskóla á Íslandi og mun hann hefja störf 1. febrúar 2019.
- Jafnréttisstefna er í endurskoðun innan skólans.
- Stjórnendur og upplýsingatæknimentorar vinna að stefnu um upplýsingatækni.
- Lýðheilsustefna er í vinnslu innan skólans.
- Byrjað er að flokka sorp í D álmu og A álmu. Verið er að prufa flokkunardalla áður en skrefið er tekið fyrir allann skólann.

## 2. Niðurstöður innri úttekta

Innri úttektum fyrir haustönn 2018 er lokið að fullu en ekki eftirvinnu þeirra. Enn á eftir að vinna úr einhverjum úttektum frá skólaárinu 2016-2017, en þau mál eru í vinnslu með hlutaðeigandi aðilum.

Eftirfylgni varðandi innri úttektir er á ábyrgð áfangastjóra og er framkvæmd skv. VKL-403 Innri úttektir, kafli. 5.3.

## 3. Endurgjöf frá nemendum, starfsmönnum og hlutaðeigandi

Í VMA er unnið að því að bæta gæði skólastarfsins með hliðsjón af gæðamarkmiðum og kvörðum sem er að finna í STS-007. Til að sjá hvort skólinn hefur náð markmiðum sínum er m.a. rýnt í niðurstöður kennslu- og starfsmannakannana, tölur um brottfall, einkunnir og viðveru nemenda. Niðurstöður haustannar 2018 birtast hér fyrir neðan. Hafa verður í huga að niðurstöður fyrir gæðamarkmið VMA eru bornar saman við markmið sem eru sett fyrir eitt ár, en hér í þessari skýrslu er einungis um að ræða niðurstöður einnar annar. Um er að ræða þætti sem sveiflast mjög á milli ára og því verður að hafa fyrirvara á þegar lesið er í niðurstöðurnar.

### *Kennslumat*

Kennslumat er gert á hverri önn, í formi könnunar sem lögð er fyrir nemendur, þar sem þeir svara spurningum um störf kennara og aðbúnað til kennslu. Reglan er sú að 1/3 af áföngum skólans sé inni í hverri könnun, því þarf samanlagt meðaltal 3ja anna til að fá meðaltal skólans.
Á haustönn 2018 voru áfangar og kennarar á eftirfarandi brautum/fögum í úrtakinu: byggingagreinum, stærðfræði, listnámi, samfélagsgreinum og viðskiptagreinum. Könnunin var unnin í gegnum Innu og

fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með upplýsingum um könnunina. Alls voru sendar út 1763 kannanir og fengust 781 svar eða 44% svörun sem er svipuð svörun og á fyrri önn. Nemendur fengu ítrekun í tölvupósti og sms. Alls var spurt um 35 kennara og 69 áfanga.
Í gæðamarkmiðum skólans eru tveir þættir sem eru athugaðir í kennslumati, þeir eru hér að neðan. Að öðru leyti er vísað í skýrslu um kennslumat á heimasíðu skólans undir
skólinn / Innra og ytra mat / Áfanga- og kennslumat.

| Mælikvarði | Markmið | Niðurstaða haust 2018 | Meðaltal síðustu þriggja anna |
|---|---|---|---|
| Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum | 85% svari frekar sammála eða mjög sammála | 89% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála | 88,6% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála |
| Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi | 85% svari frekar sammála eða mjög sammála | 97% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála | 95,3% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála |

***Starfsmannakönnun***

Stofnun ársins sem starfsmannakönnun skólans. Hún var lögð fyrir í febrúar-mars 2018. Sendar voru út 133 kannanir og voru svör 93, eða 70%. Í gæðamarkmiðum skólans eru tveir þættir sem eru athugaðir í starfsmannakönnun, þeir eru hér að neðan.

| Mælikvarði | Markmið | Niðurstaða vor 2018 | Meðaltal síðustu þriggja mælinga |
|---|---|---|---|
| Að starfsmenn séu ánægðir í starfi sínu í VMA. Að skapa starfseminni eins góðar forsendur og kostur er með öllum aðbúnaði. | **Starfsmanna könnun:** Ég er ánægð(ur) með aðbúnað minn á vinnustaðnum.<br><br>Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu. | 68%<br><br>80% | 71,4%<br><br>81,9% |

***Þjónustukönnun***

Á haustönn 2018 var gerð þjónustukönnun. Í gæðamarkmiðum skólans eru tveir þættir sem eru athugaðir í þjónustukönnun, þeir eru hér að neðan. Könnunin fór fram í gegnum Innu. Öllum nemendum í dagskóla var boðið að taka þátt í könnuninni. 950 nemendur fengu könnunina og 299 svöruðu eða 32% samanborið við 24% svörun á vorönn 2016.

| **Mælikvarði** | **Markmið** | **Niðurstaða haust 2018** |
|---|---|---|
| Í skólanum líður mér vel | 90% svara *alltaf* eða *oftast* | 86% svöruðu næstum alltaf eða oftast |
| Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf. | 90% nem svara mjög *sammála eða frekar sammála.* | 90% svöruðu mjög sammála eða frekar sammála |

## 4. Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og útskrift námskeiða

Eftirtalin skjöl í gæðahandbók voru endurskoðuð og samþykkt á haustönn 2018

| **Dags** | **Númer** | **Skjalaheiti** |
|---|---|---|
| 20.09.2018 | VKL-101 | Stjórnun gæðamála |
| 20.09.2018 | GÁT-002 | Rýni stjórnenda (niðurstöður) |
| 12.10.2018 | INN-004 | Hugtök og skilgreiningar |
| 12.10.2018 | VKL-203 | Leiðbeining nemenda |
| 12.10.2018 | VKL-204 | Námsval |
| 12.10.2018 | GÁT-052 | Skýrsla um umsjón með nýnemum |
| 17.10.2018 | VKL-305 | Endurnýjun kennsluefnis |
| 17.10.2018 | GÁT-003 | Áætlun fyrir innri úttektir |
| 17.10.2018 | GÁT-013 | Áfangaskýrsla kennara |
| 17.10.2018 | GÁT-018 | Frábrigði framvindumat eða áfangaskýrslur (önn ártal) |
| 17.10.2018 | GÁT-020 | Framvindumat (önn) |
| 31.10.2018 | VKL-104 | Skjalastýring og stýring gæðaskráa |
| 31.10.2018 | VKL-201 | Skipulagning kennslu og áfanga |
| 31.10.2018 | VKL-306 | Námsmat og færsla einkunna |
| 07.11.2018 | STS-006 | Ábyrgð og valddreifing |
| 07.11.2018 | VKL-106 | Heildarstjórnun náms |
| 07.11.2018 | VKL-402 | Kennslu- og áfangamat |
| 07.11.2018 | VKL403 | Innri úttektir |
| 07.11.2018 | VKL-404 | Ábendingar, kvartanir og umbætur |
| 07.11.2018 | GÁT-006 | Skýrsluyfirlit |
| 14.11.2018 | INN-001 | Innihald gæðahandbókar |
| 14.11.2018 | VKL-401 | Rýni stjórnenda |

**Eftirfarandi skjöl voru lögð niður:**

VKL-105 Stýring skráa (sameinuð VKL-104)
VKL-406 Framvinda áfanga (framvindumat) (sameinuð VKL-106)
VKL-408 Áfangaskýrsla (sameinuð VKL-106)
LSM-009 Bréf með prófum utan VMA
GÁT-046 Samningur um samlestur áfanga
GÁT-051 Skilablað áfangalýsinga (önn)
GÁT-055 Ljósritun lokaprófa á litaðan pappír



SKS

## 4.1 Frammistaða ferla og samræmi vöru

Eftir hverja önn taka áfangastjórar saman upplýsingar um námsárangur nemenda, brottfall og mætingar. Í gæðamarkmiðum skólans eru mælikvarðar fyrir fjóra þætti er varða námsgengi nemenda.

| Mælikvarði | Markmið | Niðurstaða haustönn 2018 |
|---|---|---|
| Meðaleinkunn (allir áfangar) | 6,5 | 6,97 |
| Fallprósenta | 10% | 7,9% |
| Mætingar % | 90% | 86,2% |
| Brottfall % | 9,00% | 9,3% |

Í upphafi haustannar 2018 voru 989 nemendur skráðir í reglulegt nám í dagskóla og 313 í fjarnámi.

### *Áfangaskýrslur vegna haustannar 2018*

Fag- og brautarstjórar skiluðu áfangaskýrslum á sýnidegi námsmats þann 19.12.2018. Alls voru gerðar 18 skýrslur, voru þær teknar fyrir á fundi gæðaráðs, nr. 461, þann 3. janúar 2019 og var þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til úrvinnslu. Skýrslurnar voru sendar í tölvupósti til fag- og brautarstjóra með upplýsingum um framvindu mála. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála fylgja á GÁT-018 með þessari skýrslu.

### *Framvindumat haustannar 2018*

Fag- og brautarstjórar skiluðu framvindumati um miðja haustönn samkvæmt skóladagatali. Alls voru gerðar 8 skýrslur og voru þær teknar fyrir á fundi gæðaráðs, nr. 453, þann 22.10.2018 og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála fylgja á GÁT-018 með þessari skýrslu.

### *Ábendingar og kvartanir*

Alls bárust 24 ábendingar og/eða kvartanir án þess að fara í gegnum framvindumat eða áfangaskýrslur. Búið er að ljúka 18 málum, en önnur eru í vinnslu hjá hlutaðeigandi.

## 4.2 Útskrift áfanga

Við útskrift áfanga er farið eftir VKL-106 og stuðst við GÁT-022. Alls eru fimm þættir sem notaðir eru til að útskrifa áfanga. Þeir eru: námsáætlun, framvindumat, kennslumat, námsmat og áfangaskýrslur. Alls voru útskrifaðir 292 áfangar á haustönn 2018.

## 5. Úrbætur

- Tölvur voru endurnýjaðar í nokkrum kennslustofum og í nokkrum vinnurýmum kennara.
- Nýir skjáir voru settir inn í vinnurými kennara í A-álmu.
- Stofu C-07 var breytt í tölvustofu og keyptar nýjar vélar.
- Gluggatjöld voru endurnýjuð í 6 kennslustofum.
- Hafist var handa við að breyta Ásgarði til að koma þar fyrir ljósritunarvél.
- Upplýsingaskjár settur upp fyrir framan skrifstofu skólans.
- Ný borð voru sett inn í kaffistofu starfsmanna í A álmu og Þrúðvang.
- Innstungum/tenglum fjölgað í nokkrum kennslustofum.
- Vinnu var haldið áfram við að skrifa málalykil.
- Nýtt símkerfi var tekið í notkun.

- Unnin var úrbótaáætlun á starfsemi skólans með hliðsjón af niðurstöðum úr Stofnun ársins og ytra mati.
- Samstarf milli VMA og MA um áfanga hélt áfram.
- Unnið var að breyttu skipuriti og stjórnskipulagi skólans.
- Sett upp ný loftræsing í vélstjórn.

## 6. Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

- Vinna þarf áætlun um starfsmannaviðtöl og halda áfram að taka starfsmannaviðtöl. Skólameistari og aðstoðarskólameistari bera ábyrgð á verkefninu.
- Áfangastjórar bera ábyrgð á vinnu við námskrár, vonir standa til að vinnu við námskrár í meistaranámi og verknámi ljúki í mars/apríl 2019.
- Skjalastýringarkerfi verður tekið í notkun á vorönn 2019. Starfsmaður á skrifstofu er tengiliður vegna verkefnisins.
- Unnið verður eftir úrbótaáætlun sem samþykkt var á haustönn 2018. Skólameistari og aðstoðarskólameistari bera ábyrgð á að unnið sé eftir áætluninni og fela hlutaðeigandi starfsmanni verkefni.
- Samtal um samstarf á milli VMA og MA heldur áfram á vorönn 2019. Áfangastjóri og sviðsstjóri eru tengiliðir við MA.
- Endurskoðun og einföldun á gæðakerfinu heldur áfram, m.a. á vikulegum fundum gæðaráðs.
- Skólameistari ber ábyrgð á og leiðir vinnu við innleiðingu og endurskoðun persónuverndarlaga, jafnlaunavottunar, jafnréttisstefnu, upplýsingatæknistefnu og lýðheilsustefnu.
- Áfram verður unnið að því að koma upp ílátum til sorpflokkunar.

## 7. Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)

| Mælikvarði | Markmið | Niðurstaða haust 2018 |
|---|---|---|
| Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum | 85% svari frekar sammála eða mjög sammála | 89% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála |
| Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi | 85% svari frekar sammála eða mjög sammála | 97% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála |
| Ég er ánægð(ur) með aðbúnað minn á vinnustaðnum. | Að svörun í VMA sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert | 68% |
| Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu. | Að svörun í VMA sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert | 80% |

| | | |
|---|---|---|
| Í skólanum líður mér vel. | 90% svara alltaf eða oftast | 86% svöruðu næstum alltaf eða oftast |
| Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf. | 90% nem svara mjög sammála eða frekar sammála. | 90%  svöruðu mjög sammála eða frekar sammála |
| Meðaleinkunn (allir áfangar) | 6,5 | 6,97 |
| Fallprósenta | 10% | 7,9% |
| Mætingar % | 90% | 86,2% |
| Brottfall % | 9,00% | 9,3% |
| Vottun og innri úttektir sem sýna að námið sé í samræmi við þessar kröfur | Halda virkri gæðavottun um rekstur skólans samkvæmt ISO 9001 staðli | |

Á haustönn 2018 voru allir þættir gæðamarkmiðanna mældir. Niðurstöður sýna að fimm af ellefu þáttum koma betur út en lagt var upp með í gæðamarkmiðum skólans.
Ákvarða þarf aðgerðir til að mæta gæðamarkmiðum skólans. Sú vinna verður unnin á vorönn 2019.

### 7.1 Mat á ytri þáttum/áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starf skólans

Ýmsir þættir sem hafa áhrif á starf skólans, námsframboð hans og áherslur. Sbr. VKL-101 kafli 5.2.

| Sterkar hliðar | Veikar hliðar |
|---|---|
| Gæðavottað nám utanumhald, umsjón, umsýsla, rekjanleiki, skjalfesting | Tölvubúnaður úreltur og þarf hraðari endurnýjun |
| Hátt hlutfall kennara með faglega menntun og kennsluréttindi | Tækjakostur til verklegrar kennslu |
| Áfangakerfi - sveigjanleiki og fjölbreytni í námi og námstíma | Fagþekking í mannauðsstjórnun og ónægur tími stjórnenda til að sinna mannauðsmálum |
| Stoðþjónusta við nemendur - námsráðgjafi, sálfræðingur, forvarnarfulltrúi, hjúkrunarfræðingur | Fjárhagur skólans |
| Stöðugt og fjölbreytt innra mat - kennslukannanir, rýni stjórnenda, þjónustukönnun, Stofnun ársins o.fl. | Viðvera og brotthvarf nemenda |
| Valáfangar (iðngreinakynning) í boði fyrir grunnskólanemendur á Akureyri | Skortur á húsnæði fyrir ákveðnar greinar, s.s. starfsbraut, bifvélavirkjun og íþróttagreinar |
| Heimavist fyrir nemendur | Fá úrræði í boði fyrir nemendur sem standa höllum fæti í námi |
| Lítil starfsmannavelta. Helgun í starfi og við vinnustað. | Skortur á tíma fyrir samráð og samvinnu |
| Fjölbreytt samsetning nemendahópsins | Móttaka og utanumhald um erlenda nemendur |
| Erlend samstarfsverkefni og nemendaskipti | Vinnuumhverfi starfsmanna og nemenda svo sem tölvu- og tækjabúnaður og vinnuaðstaða. |
| Þverfaglegt samstarf innan skólans og samþætting námsgreina | Skortur á samstöðu starfsmanna við að framfylgja skólareglum (munntóbak, |

| | |
|---|---|
| | símanotkun, Ipad o.fl.) |
| Vel skipulagt gæðakerfi og reglulegar ytri úttektir til að viðhalda ISO-9001 vottun. | Of stuttur matartími fyrir nemendur |
| Góður starfsandi og gott samstarf kennara | Lítil virkni í foreldrafélagi |
| Vel tekið á móti nýnemum og öflugt umsjónarkerfi á fyrsta ári | Virkni nemenda í félagslífi |
| Gott samstarf stjórnenda og stjórnar nemendafélagsins | Starfsþróun kennara |
| Vel skipulagt húsnæði og góð umgengni | Námsmat þarf að vera fjölbreyttara og meira í anda leiðsagnarmats |
| Verknámsaðstaða er sýnileg og vel tengd öðru skólastarfi | Samráð við starfsfólk um stefnumótun og endurskoðun á námi |
| FabLab smiðja er í húsnæði skólans | Samræma þarf námsumsjónarkerfi |
| Góð aðstaða á bókasafni skólans | Kynjahalli innan ákveðinna brauta/greina bæði í nemenda og kennarahópnum |
| | Fáir nemendur eru annaráskrift í mötuneyti |
| | Loftgæði og hitastig í húsnæði skólans |
| **Ógnanir úr umhverfi** | **Tækifæri í umhverfi** |
| Fækkun iðnmeistara með kennsluréttindi | Aukin samskipti/samvinna við atvinnulífið í nærumhverfinu |
| Minnkandi fæðingarárgangar á upptökusvæði skólans og lítil fólksfjölgun | Samvinna við háskóla um réttindanám kennara |
| Minnkandi áhugi nemenda á ákveðnu námi | Breytingar á atvinnulífi og samfélaginu sem kalla á ný námstækifæri |
| Breytingar á atvinnulífi sem eru þess valdandi að ákveðnar námsleiðir dragast saman eða nemendum fækkar | Eftirspurn atvinnulífs eftir fagmenntuðum einstaklingum |
| Samkeppni um nemendur | Þjónusta við nemendur með styttri námskeiðum s.s. suðunámskeið, vélgæslunámskeið, textíl o.s.frv. |
| Breytt námsmat í grunnskóla - breytingar á inntökuviðmiðum háskóla | Niðurgreiddar skólamáltíðir eða framfærslustyrkir til ungmenna |
| Neikvætt viðhorf og umtal um skólann | Efla bóknámsdeildir (ímyndarvinna) ákveða að vera framúrskarandi |
| Fjárframlög til skólans duga ekki til reksturs og endurnýjunar á tækjum og búnaði. | Efla jafnréttisfræðslu og vera í framvarðasveit framhaldsskóla á því sviði |
| Styttri námsleiðir í iðn- og starfsnámi, s.s. verslunarþjóna eða aðstoðarmaður á verkstæði eru ekki viðurkennd starfsréttindi. | Nýjar kennsluaðferðir með nýrri tækni og breyttri hugsun (spjaldtölvur, Youtube, Moodle, Flipped teaching) |
| Vanlíðan, kvíði og andleg veikindi nemenda | Samvinna við grunn- og framhaldsskóla |
| Stafrænt áreiti í námi og kennslu | Kynningarmál |
| Álag á nemendur vegna íþróttastarfs eða vinnu utan skóla | 4. þreps nám í samvinnu við háskóla |
| Skortur á heilbrigðis- og stoðþjónustu við nemendur sem glíma við sértæk vandamál | Kanna afdrif útskrifaðra nemenda frá skólanum og hvernig námið hefur nýst þeim í frekara námi eða atvinnulífi |
| Starfstími skóla skv. reglugerð og kjarasamningum | Efla þekkingu og hæfni nemenda til að tileinka sér tækninýjungar í samræmi við breytt samfélag og atvinnulíf |



SKS

## 8. Tillögur um umbætur

- Unnið er að því að taka upp einkunnareglur í Innu, sú vinna mun halda áfram á vorönn 2019
- Stýrihópur stjórnenda og starfsmanna vinnur áfram að skilgreiningu á námi og kennslu í fjarnámi.
- Gera á úttekt á öryggismálum/áhættumat
- Gera á úttekt á tölvubúnaði og netpunktum
- Skólinn er þátttakandi í verkefni ásamt Jafnréttisstofu þar sem markmiðið er að fjölga stúlkum í iðn- og tækninámi og strákum í háriðn og sjúkraliðanámi – Rjúfum hefðirnar, förum nýjar leiðir. #MeToo umræðan hafði áhrif í VMA eins og annarsstaðar í samfélaginu.
- Námsver fyrir nemendur á Brautabrú var starfrækt í skólanum á haustönn 2018. Tilgangur verkefnisins er að styðja við nemendur í brottfallshættu, aðstoða við nám og bæta líðan nemenda. Markmiðið er að draga úr brottfalli á 1. ári.
- Verkmenntaskólinn á Akureyri tekur þátt í fjölmörgum lýðheilsuverkefnum með ágætis árangri og þátttöku nemenda og starfsmanna, ásamt því að skipuleggja vorhlaup VMA. Lýðheilsuverkefnin eru færri á haustönn, en helst ber að nefna:
    - Heilsueflandi framhaldsskóli
    - Hjólað í vinnuna
    - Hjólum í skólann
    - Flensborgarhlaupið

## 9. Tillögur um auðlindir

- Áfram þarf að yfirfara og stilla loftræsikerfi og hitastýringar til að skapa sem þægilegast umhverfi í húsinu og einstökum álmum, vinna áfram með Fasteignum að því að halda húsinu við.
- Áfram þarf að endurnýja tölvur og tölvuskjái í skólanum.
- Skoða þarf heildarlausnir varðandi kennslukerfi sem notuð eru. Þar á meðal að móta skýra stefnu og setja fram í skilaboðum til kennara og nemenda. VMA hefur sett fram þá kröfu að nemendur hafi fartölvu til að nota í skólanum.
- Skoða þarf kröfur til sérhæfðs hugbúnaðar fyrir ákveðnar brautir og námsáfanga og hvaða takmörk hugbúnaðurinn gerir varðandi afkastagetu og stýrikerfi í tölvum nemenda.
- Áfram þarf að vinna að því að innleiða skjalastýringarkerfi fyrir skólann.
- Einfalda þarf verkferla og sameina verklagsreglur eftir ástæðum. Skoða fleiri leiðir til að einfalda gæðakerfið, skrifa vinnulýsingar og leiðbeiningar samhliða endurskoðun á verklagsreglum.
- Starfslýsingar skólans þarf að endurskoða.
- Áfram þarf að vinna að samstarfi VMA og MA um nám sem hægt er að samkenna fyrir báða skólana og bjóða þannig fjölbreyttara nám í þeim.
- Samstarf við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar um nám í ferðamálagreinum.

## 10. Aðgerðalisti

Skv. verklaginu sem lýst er í kafla 5.4 í VKL-401 Rýni stjórnenda, eru aðgerðir á aðgerðalista færðar yfir á GÁT-069 Verkefnalista stjórnenda. Aðgerðalistinn verður einnig viðfangsefni næstu rýni (sbr. atriði 6 hér að neðan). Númer á einstökum efnisatriðum hér að neðan vísa á sama kaflanúmer í **Skýrslu fyrir rýni stjórnenda vor 2019.**



SHD

# Rýni stjórnenda niðurstöður haustönn ´18



| AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA VOR 2019 | | | |
|---|---|---|---|
| Nr. | Atriði | Ábyrgð | Tími |
| 2 | **Innri úttektir** | | |
| | Eftirvinna varðandi innri úttektir er í höndum áfangastjóra. | AMJ/SHS | V19 |
| 3 | **Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum** | | |
| | Vinna verður áætlun um starfsmannaviðtöl. | BEN/SHJ | V19 |
| | Vinna verður nýja áætlun um innra mat (GÁT-028) | BEN/SHJ | V19 |
| 4 | **Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og námskeiða** | | |
| | Vinna þarf að því að ljúka eldri málum sem hafa komið í gegnum framvindumat, áfangaskýrslur eða með öðrum leiðum og fara inná borð gæðaráðs (GÁT-008) | AMJ/SHS | V19 |
| 5 | **Úrbætur** | | |
| | Efla þarf og breyta skráningu á úrbótaverkefnum sem aðrir innan skólans, en gæðaráð, taka þátt í eða hefja. | Gæðaráð | V19 |
| | Vinna þarf eftir úrbótaáætlun sem samþykkt var á haustönn 2018. Skólameistari og aðstoðarskólameistari vísa verkefnum til hlutaðeigandi | Stjórnendur | V19-V21 |
| 6 | **Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda** | | |
| | Aðgerðalisti yfirfarinn í næstu rýni á vorönn 2019 (maí/júní ´19) | Gæðaráð | V19 |
| 7 | **Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)** | | |
| | Innleiðing á nýrri útgáfu af ISO staðlinum | Gæðaráð | V19 |
| | Áhættumat fyrir skólann | Öryggisnefnd | V19 |
| 8 | **Tillögur um umbætur** | | |
| | Skilgreining á námi og kennslu í fjarnámi | Stýrihópur | V19 |
| | Úttekt á tölvubúnaði og netpunktum | Stefna/gæðaráð | V19 |
| | Úttekt á öryggismálum/áhættumat | öryggisnefnd | V19 |
| | Einkunnareglur í Innu | áfangastjórar | V19-H19 |



SHS

# Rýni stjórnenda niðurstöður haustönn ´18



| 9 | **Tillögur um auðlindir** | | |
|---|---|---|---|
| | Áfram þarf að endurnýja tölvur og tölvuskjái í skólanum | Stefna/SHJ | V19 |
| | Vinna þarf að samstarfi VMA og MA um nám sem hægt er að samkenna fyrir báða skólana og bjóða þannig fjölbreyttara nám í þeim. | SHS/ÓKR | V19 |
| | Innleiðing á skjalastýringarkerfi | Skrifstofa/ stjórnendur | V19 |
| | Skoða þarf að yfirfara og stilla loftræsikerfi og hitastýringar til að skapa sem þægilegast umhverfi í húsinu og einstökum álmum. | HFB/SHJ | V19-H19 |
| | Endurskoða þarf starfslýsingar fyrir starfsfólk á skrifstofu | SHJ/BEN | V19 |



SHJ

# Gæðamarkmið
# Mælikvarðar

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Gæðamarkmið fléttast beint inn í rekstrar- og viðskiptamarkmið Verkmenntaskólans á Akureyri enda er litið á gæðastjórnun skólans sem lið í daglegum rekstri hans. Í VMA er unnið að því að bæta gæði skólastarfsins með hliðsjón af eftirfarandi gæðamarkmiðum og kvörðum til að mæla þau:

| Gæðamarkmið | Mælikvarðar | Staða | Hvenær mælt | Markmið |
|---|---|---|---|---|
| Nemendur nái sem bestum árangri í námi sínu bæði bóklegu og verklegu. | **Meðaleinkunn (allir áfangar)** | 7,0 | V og H 2018 | 6,50 |
| | | 6,82 | V og H 2017 | |
| | | 6,87 | V og H 2016 | |
| | | 6,81 | V og H 2015 | |
| | | 6,79 | V og H 2014 | |
| | | 6,79 | V og H 2013 | |
| | | 6,8 | V og H 2012 | |
| | | 6,85 | V og H 2011 | |
| | | 6,8 | V og H 2010 | |
| | | 6,71 | V og H 2009 | |
| | | 6,70 | V og H 2008 | |
| | | 6,45 | V og H 2007 | |
| | | 6,54 | V og H 2006 | |
| | | 5,85 | V og H 2005 | |
| | **Fallprósenta** | 9,05% | V og H 2018 | 10% |
| | | 11,75% | V og H 2017 | |
| | | 9,56% | V og H 2016 | |
| | | 10,82% | V og H 2015 | |
| | | 10,30% | V og H 2014 | |
| | | 10,5% | V og H 2013 | |
| | | 10,5% | V og H 2012 | |
| | | 9,95% | V og H 2011 | |
| | | 10,05% | V og H 2010 | |
| | | 10,97% | V og H 2009 | |
| | | 10,35% | V og H 2008 | |
| | | 11,8% | V og H 2006 | |
| | | 13,3% | V og H 2005 | |



SKO

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bæta ástundun og minnka hlutfall þeirra nemenda sem hverfa frá námi. | **Mætingar %** | 83,15%<br>81,85%<br>85,1%<br>85,82%<br>86,3%<br>86,7%<br>87,2%<br>88,4%<br>89,35%<br>88,55%<br>90,05%<br>85,6%<br>87,6% | V og H 2018<br>V og H 2017<br>V og H 2016<br>V og H 2015<br>V og H 2014<br>V og H 2013<br>V og H 2012<br>V og H 2011<br>V og H 2010<br>V og H 2009<br>V og H 2008<br>V og H 2006<br>V og H 2005 | 90% |
| | **Brottfall %** | 9,55%<br>10,6%<br>9,97%<br>9.48%<br>11.75%<br>10,0%<br>10,5%<br>10,0%<br>8,7 %<br>10,32%<br>9,8%<br>11,1%<br>9,9% | V og H 2018<br>V og H 2017<br>V og H 2016<br>V og H 2015<br>V og H 2014<br>V og H 2013<br>V og H 2012<br>V og H 2011<br>V og H 2010<br>V og H 2009<br>V og H2008<br>V og H 2006<br>V og H 2005 | 9,00% |
| Nemendur séu ánægðir í skólanum og með þá þjónustu sem þar er veitt. | **Kennslukönnun:** Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum. | 88%<br>91,0%<br>88,25%<br>87.6%<br>87.7%<br>89.4%<br>84% | V og H 2018<br>V og H 2017<br>V og H 2016<br>V og H 2015<br>V og H 2014<br>V og H 2013<br>V og H 2012 | 85% svari *frekar sammála eða mjög sammála.* |



SHD

# Gæðamarkmið
# Mælikvarðar



| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | 88,14%<br>84,5%<br>82,68%<br>76,1%<br>79,5%<br>74,5% | V og H 2011<br>V og H 2010<br>V og H 2009<br>V og H 2008<br>V og H 2007<br>V og H 2006 | |
| | Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi | 96%<br>94,0%<br>90,4%<br>92.1%<br>85.19%<br>84,9%<br>89,7%<br>85,56%<br>87,5%<br>87,44% | V og H 2018<br>V og H 2017<br>V og H 2016<br>V og H 2015<br>V og H 2014<br>V og H 2013<br>V og H 2012<br>V og H 2011<br>V og H 2010<br>H 2009 | *85% svari frekar sammála og mjög sammála.* |
| | **Þjónustukönnun:** Í skólanum líður mér vel | 86%<br>82,7%<br>87.3%<br>84,91%<br>83%<br>76% | H 2018<br>V 2016<br>H 2013<br>V 2011<br>V 2009<br>V 2006 | 90% svara næstum *alltaf* eða *oftast* |
| | Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf. | 90%<br>87,1%<br>76.4%<br>84,72%<br>83% | H 2018<br>V 2016<br>H 2013<br>V 2011<br>V 2009 | 90% nem svara mjög *sammála eða frekar sammála.* |
